



Íþróttafélagið Þór  
Aðalstjórn  
kt. 710269-2469  
Hamar v/ Skarðshlíð  
603 Akureyri  
sími:461-2080

Frístundaráð


Akureyri 16.mars 2020

Efni: Fylgiskjal með umsókn Rafíþróttadeildar Þórs

Íþróttafélagið Þór langar að þetta skjal verði fylgiskjal með umsókn Rafíþróttadeildar Þórs sem verður tekin fyrir á fundi Frístundaráðs. Efni þessa fylgiskjals er að okkur langar að Frístundaráð taki það fyrir hvort þið séuð sammála okkar skilningi á að Rafíþróttir verði bara styrktir og stundaðir í einu íþróttafélagi

Við reiknum með að fljótlega þegar við förum af stað þá verði húsnæðið of lítið og þá er okkar vilji að við færum okkur meira miðsvæðis í bænum svo að aðgengi allra verði sem best.

Hjálagt er plagg sem vitnað er í íþróttastefnu Akureyrarbæjar

Íþróttafélagið ÞÓR  
Aðalstjórn  
Kt. 710269-2469  
  
Reimar Helgason  
Framkvæmdastjóri Þórs

## Samvinna íþróttafélaga

### Inngangur

Á Akureyri árið 2017 voru aðildarfélög ÍBA samtals 23 sem buðu upp á 49 íþróttagreinir. Þetta þýðir að mörg félög eru með litla umgjörð, oft tiltölulega fáir iðkendur og skortur á stöðugleika í stjórnunarskipulagi. Starfsfólk með sérþekkingu á rekstri er til staðar á skrifstofum stærri félaga á meðan verið er að nýta sjálfbóðaliðavinnu í minni félögum til að sinna slíkum verkefnum.

### Stefna

Á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni.

### Aðgerðir

- Félög sem starfa með börn og unglunga sameini krafta sína til að tryggja stöðugt og faglegt starf, s.s. gegnsætt bókhald og rekstrarumhverfi, menntun þjálfara, skilvirkari rekstrareiningar, öflugra bakland sjálfbóðaliða o.fl.
- — Hver íþrótt sé aðeins æfð í einu félagi fyrir utan handknattleik og knattspyrnu.
- Leitast verði við að rekstur íþróttafélaga verði sem mest sjálfbær. Hluti af styrkjakerfi bæjarins verði háð því að félög ástundi ábyrgan rekstur og gegnsæi í öllu bókhaldi og skipulagi. Gerðar verði kröfur til félaganna um að starfa í anda fyrirmyndarfélaga ÍSÍ o.fl.
- Sett verða skilyrði fyrir tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar / styrkveitingu frá Akureyrarbæ sem miðast við lágmarksfjölda iðkenda og þannig hvatt til eflingar fjölgreinafélaga samhliða uppfyllingu skilyrða ÍBA.
- ÍBA verði Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.
- ÍBA aðstoði félög við að móta samstarfsvettvang sem taki meðal annars á mótahaldi, tekjuöflun, ferðakostnaði o.fl.
- Aðildarfélögum ÍBA verður ekki fjölgað á komandi árum og nýjum félögum um íþróttastarfsemi verði beint inn í önnur aðildarfélög sem deildir. Þannig náist samnýting stjórnunar og aðstöðu á milli deilda og félaga.
- Þarfir barna og unglunga séu ætíð í fyrirrúmi við skipulag og uppbyggingu íþróttastarfs.